

**1993 nr. 25 7. apríl****Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim**

**Tóku gildi 7. apríl 1993.** Breytt með: L. 87/1995 (tóku gildi 1. júlí 1995). L. 73/1996 (tóku gildi 19. júní 1996). L. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998). L. 31/2001 (tóku gildi 16. maí 2001). L. 63/2003 (tóku gildi 7. apríl 2003). Bbl. 103/2003 (tóku gildi 1. júlí 2003). L. 116/2003 (tóku gildi 12. nóv. 2003). L. 76/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006). L. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008). L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 143/2009 (tóku gildi 1. mars 2010 nema II.–IV. kafli sem tók gildi 1. nóv. 2011 (utan 43. gr. í IV. kafla sem tók gildi 1. mars 2010) og 54. og 55. gr. og 9. efnismgr. 63. gr. sem tók gildi 1. mars 2011; EES-samningurinn: I. og II. viðauki reglugerð 178/2002). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 4/2014 (tóku gildi 25. jan. 2014). L. 71/2015 (tóku gildi 21. júlí 2015). L. 93/2019 (tóku gildi 1. jan. 2020 nema 4., 10. og 11. gr. sem tók gildi 16. júlí 2019). L. 101/2020 (tóku gildi 23. júlí 2020). L. 128/2022 (tóku gildi 1. jan. 2023 nema 1., 2., 6. og 9. gr. sem tók gildi 31. des. 2022). L. 60/2023 (tóku gildi 7. júlí 2023). L. 29/2024 (tóku gildi 6. apríl 2024 nema g-liður 3. gr. sem tekur gildi 6. apríl 2026; EES-samningurinn: I. viðauki reglugerð (EB) 999/2001, (ESB) 2019/4). Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **atvinnuvegaráðherra** eða **atvinnuvegaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Tilgangur, gildissvið og yfirstjórn.****■ 1. gr.**

□ Tilgangur laganna er:

- a. að stuðla að góðu heilsufari dýra í landinu og koma í veg fyrir að nýir smitsjúkdómar berist til landsins,
- b. að fylgjast með og hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra,
- c. að tryggja að búfjárafurðir, framleiddar í landinu [eða sem fluttar eru til landsins],<sup>1)</sup> verði sem heilnæmastar.

<sup>1)</sup> L. 93/2019, 1. gr.

**■ 2. gr.**

□ Lög þessi taka til allra sjúkdóma í dýrum, jafnt húsdýrum, gæludýrum og villtum dýrum.

**■ 3. gr.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> hefur yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

□ [Matvælastofnun]<sup>2)</sup> skal vera ráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að dýrasjúkdómum og framkvæmd laganna.

□ Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með og vinna að bættu heilsufari dýra og fylgjast með heilbrigðisástandi þeirra og vera á verði gegn nýjum dýrasjúkdómum er kunna að berast til landsins eða milli sóttvarnarsvæða.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 172. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 64. gr.

**II. kafli. Orðskýringar.****■ 4. gr.**

□ [Aukaafurðir úr dýrum: Heil hræ, skrokkar, skrokklutur, líffæri eða aðrar afurðir af dýrum sem ekki eru hæfar eða ætlaðar til manneldis.]<sup>1)</sup>

□ **Búfé:** Hross, nautgripir, sauðfé, geitur, svín, loðdýr, kanínur og alifuglar, auk þess eldisfiskar og önnur dýr sem haldin eru til nytja. Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtakið búfé sker [ráðherra]<sup>2)</sup> úr þeim ágreiningi.

□ **Dýr:** Öll dýr, bæði hryggdýr og hryggleysingjar.

□ **Dýrasjúkdómur:** Smitsjúkdómur sem orsakast af völdum örvera eða sníkjudýra, efnaskiptasjúkdómur, erfðasjúkdómur, eitranir og aðrir sjúkdómar sem lög þessi ná til.

□ **Gæludýr:** Öll dýr sem haldin eru til afþreyingar.

□ **Smitsjúkdómur:** Sjúkdómur eða smit sem beint eða óbeint getur borist frá einu dýri til annars eða milli manna og dýra.

□ **Sóttvarnarsvæði:** Landsvæði sem afmarkast af varnarlínunum, ám, vötnum, sjó eða öræfum sem ásamt fyrirskipaðri

vörslu og öðrum varúðarráðstöfunum mynda farartálma eða fullkomna hindrun á samgangi dýra.

□ **Varnarlínur:** Mörk sóttvarnarsvæða, þar með taldar girðingarlínur sem skiptast í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur.

<sup>1)</sup> L. 143/2009, 31. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 172. gr.

**III. kafli. Tilkynningarskylda og sjúkdómsgreining.****■ 5. gr.**

□ Hverjum þeim, sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem lög þessi ná yfir, ber án tafar að tilkynna það hverjum þeim dýralækni sem til næst eða lögreglu. Skyld er lögreglu að hafa strax samband við dýralækni. Telji dýralæknir ástæðu til skal hann tafarlaust gera ráðstafanir til að fá sjúkdómsgreiningu sína staðfesta og hindra útbreiðslu sjúkdómsins.

□ Leiði rannsókn í ljós eða dýralæknir fær grun um að um sé að ræða [tilkynningarskyldan sjúkdóm, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr.],<sup>1)</sup> eða smitsjúkdóm áður óþekktan hér á landi, skal dýralæknir án tafar tilkynna það [Matvælastofnun].<sup>2)</sup> Jafnframt ber honum að grípa til varúðarráðstafana gegn útbreiðslu eða til útrýmingar sjúkdóminum, einnig að banna afhendingu dýrsins eða afurða þess og sjá um að einangra dýrið og önnur dýr sem kunna að bera smit, svo og nánasta umhverfi þeirra. Enn fremur skal hann sjá um að hlutir og vörur, sem komist hafa í snertingu við dýrið, verði sótthreinsuð eða þeim eytt og að aflifa dýrið eða gera aðrar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar teljast. Eigendum dýra er skylt að veita alla nauðsynlega aðstoð vegna varúðarráðstafana sem framkvæmdar eru á grundvelli þessarar málsgreinar.

□ Sé hins vegar um að ræða sjúkdóm [sem er skráningarskyldur sjúkdómur, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr.],<sup>1)</sup> skal dýralæknir hlutast til um að framkvæmdar séu frekari rannsóknir og málið tilkynnt að því marki sem nauðsynlegt er.

<sup>1)</sup> L. 4/2014, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 64. gr.

**■ 6. gr.**

□ Öllum þeim, sem starfa að dýralækningum, er skylt að fylgja fyrirmælum [Matvælastofnunar]<sup>1)</sup> um skráningu dýrasjúkdóma og gera þær ráðstafanir til varnar og upprætingar sjúkdómum sem [stofnunin]<sup>2)</sup> mælir fyrir um eða tilgreindir eru í reglugerðum og auglýsingum þar um.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 64. gr. <sup>2)</sup> L. 76/2005, 9. gr.

**■ 7. gr.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur með reglugerð<sup>2)</sup> nánari ákvæði um varúðarráðstafanir sem nauðsynlegar eru ef upp kemur grunur um smitsjúkdóma [sem eru tilkynningarskyldir, sbr. reglugerð skv. 2. mgr.],<sup>3)</sup> eða ef þeirra verður vart og nýja, áður óþekktá sjúkdóma hér á landi, þar með talin ákvæði um sóttvörn og samgang við svæði þar sem sjúkdómur hefur komið upp, einangrun dýra, rannsóknir, aflifun í rannsóknarskyni, sýnatöku og skýrslugerð og eyðingu dýrahraja.

□ [Ráðherra skal setja reglugerð<sup>4)</sup> um flokkun smitsjúkdóma. Þar skal tilgreina hvaða sjúkdómar eru tilkynningarskyldir og hvaða sjúkdómar eru skráningarskyldir. Þá skal flokka tilkynningarskylda sjúkdóma í alvarlega sjúkdóma eða aðra sjúkdóma, eftir því sem við á.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 172. gr. <sup>2)</sup> Rg. 447/2005, sbr. 710/2006. <sup>3)</sup> L. 4/2014, 2. gr. <sup>4)</sup> Rg. 52/2014.

**IV. kafli. Varnaraðgerðir.****■ 8. gr.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum [Matvælastofnunar]<sup>2)</sup> fyrirskipað<sup>3)</sup> hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að útrýma eða hindra

útbreiðslu [tilkynningarskyldra og skráningarskyldra sjúkdóma, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr.],<sup>4)</sup> og til að afstýra hættu og tjóni af völdum útbreiðslu þessara sjúkdóma [og annarra áður óþekktra sjúkdóma].<sup>5)</sup> Ráðstafanir þessar ná yfir:

1. Dýr:
  - a. rannsóknir, þar með talda sýnatöku til sjúkdómsgreiningar,
  - b. sjúkdómsmeðferð,
  - c. ónæmisaðgerðir,
  - d. merkingar og einangrun,
  - e. eftirlit,
  - f. förgun og eyðingu,
- [g. bann við innflutningi eða útflutningi].<sup>6)</sup>
2. Dýraafurðir, fóður, húsdýraáburð og annað sem mengað er og kann að bera smit:
  - a. rannsóknir á mögulegu smitefni,
  - b. gerilsneyðingu, sóttthreinsun og dauðhreinsun,
  - c. eyðingu,
- [d. bann við innflutningi eða útflutningi].<sup>6)</sup>
3. Byggingar, starfssvæði, vélar, verkfæri og farar-tæki:
  - a. hreinsun og sóttthreinsun,
  - b. eftirlit og einangrun.
4. Eigendur og umráðaaðila dýra, starfsfólk þeirra, fatnað og tæki sem kunna að bera smitefni:
  - a. rannsóknir, þar með talda sýnatöku til sjúkdómsgreiningar,
  - b. hreinsun, sóttthreinsun og eyðingu fatnaðar.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 172. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 64. gr. <sup>3)</sup> Augl. 241/2017. Augl. 1107/2020. Augl. 380/2022, sbr. augl. 683/2022. Augl. 1500/2024. <sup>4)</sup> L. 4/2014, 3. gr. <sup>5)</sup> L. 101/2020, 4. gr. <sup>6)</sup> L. 116/2003, 9. gr.

## V. kafli. Fyrirbyggjandi aðgerðir.

### ■ 9. gr.

□ Heimilt er [ráðherra]<sup>1)</sup> að takmarka eða banna dýrahald á afmörkuðum svæðum þar sem ætla má að heilbrigði dýra sé sérstök hættu búin að mati [Matvælastofnunar].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 172. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 64. gr.

### ■ 10. gr.

□ [Til að hindra að dýrasjúkdómar berist til landsins er óheimilt að flytja til landsins eftirtaldir vörutegundir:

- a. . . .<sup>1)</sup> ósottthreinsuð hrá skinn og húðir, alidýraáburð og rotmassa blandaðan alidýraáburði,
- b. kjötmjöl, beinamjöl, blóðmjöl og fitu sem fellur til við vinnslu þessara efna,
- c. hey og hálms,
- d. hvers konar notaðar umbúðir, reiðtygi, vélar, tæki, áhöld og annað sem hefur verið í snertingu við dýr, dýraafurðir og dýraúrgang,
- e. hvers konar notaðan búnað til stangveiða,

[f. hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, bæði unnar og óunnar, hrá egg, ógerilsneydda mjólk og mjólkurafurðir sem eru upprunnar í ríkjum sem ekki eru samningsaðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða í Sviss, [í Bretlandi],<sup>2)</sup> á Grænlandi eða í Færeyjum.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að fela Matvælastofnun að leyfa innflutning á þessum vörum og setja þau skilyrði sem nauðsynleg eru til að tryggja að búfé stafi ekki hættu af slíkum innflutningi].<sup>1)</sup>

□ [Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Matvælastofnun heimilt að leyfa innflutning á vörum þeim sem eru taldar upp í a–e-lið enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda

dýrasjúkdómum. Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að ákvæði 1. mgr. skuli ekki gilda fyrir einstakar vörutegundir sem þar eru taldar upp ef varan sóttthreinsast við tilbúning eða sérstök sóttthreinsun er framkvæmd fyrir innflutning og vörunni fylgir fullnægjandi vottorð um uppruna, vinnslu og sóttthreinsun sé varan frá framleiðanda utan Evrópska efnahagssvæðisins. Ráðherra er heimilt að banna með reglugerð innflutning á vörum, óháð uppruna, sem hætta telst á að smitefni geti borist með og hætta telst geta stafað af varðandi heilbrigði dýra.]<sup>3)</sup>

□ Um framkvæmd þessarar greinar fer einnig eftir ákvæðum samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 93/2019, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 128/2022, 9. gr. <sup>3)</sup> L. 71/2015, 1. gr. <sup>4)</sup> L. 143/2009, 32. gr.

### ■ 11. gr.

□ [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> er heimilt að takmarka eða banna flutning dýra, vöru eða tækja milli eða innan sóttvarnarsvæða telji [stofnunin]<sup>2)</sup> að það valdi eða sé líklegt til að valda útbreiðslu sjúkdóma meðal dýra.

□ [[Ráðherra]<sup>3)</sup> er í samráði við [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> jafnframt heimilt að takmarka eða banna inn- og útflutning tiltekinna dýra og afurða þeirra, til lengri eða skemmri tíma, til tiltekins lands eða landsvæðis telji hann að slíkur flutningur valdi eða sé líklegur til að valda útbreiðslu sjúkdóma.]<sup>4)</sup>

□ [Ráðherra er heimilt að fyrirskipa hverjar þær ráðstafanir sem kveðið er á um í 8. gr. til að hefta útbreiðslu sýklalyfjaó-næmra bakteríustofna. Ráðherra er jafnframt heimilt að setja reglugerð í þessu skyni.]<sup>5)</sup>

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 64. gr. <sup>2)</sup> L. 76/2005, 9. gr. <sup>3)</sup> L. 126/2011, 172. gr. <sup>4)</sup> L. 116/2003, 10. gr. <sup>5)</sup> L. 93/2019, 3. gr.

### ■ 12. gr.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> ákveður, að fengnum tillögum [Matvælastofnunar],<sup>2)</sup> hvaða varnarlínur skuli haldið við. Á sama hátt getur ráðherra ákveðið að setja upp nýjar varnarlínur þar sem nauðsyn krefur. Girðingarstæði skulu valin þar sem best skilyrði eru frá náttúrunnar hendi og valdi sem minnstum spjöllum og jarðraski. Upprekstrarfélög og einstakar jarðir má svipta aðgangi að landi sínu sé slíkt nauðsynlegt, enda skal þá leitast við að bæta það með tilsvarendi landi í skiptum ef unnt er. Verði ekki samkomulag um landaskipti eða bæt-ur fyrir missi landsnytja skulu bætur metnar af dómkvóddum matsmönnum. Bætur þær, sem ákveðnar eru, greiðast af rík-issjóði og miðast við notagildi landsins.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> ákveður með auglýsingu skiptingu varnarlína í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur að fengnum tillögum [Matvælastofnunar].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 172. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 64. gr.

### ■ 13. gr. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 29/2024, 1. gr.

### ■ 14. gr.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur með reglugerð nánari ákvæði um meðferð, geymslu og notkun matarleifa og dýraafurða sem ætlaðar eru til fódurs eða fódurgerðar. Þar skal kveðið á um leyfi til fódurgerðar, . . .<sup>2)</sup> starfrækslu fódurstöðva og hvaða skil-yrðum þær þurfa að fullnægja, sýnatöku og eftirlit með slíkri starfsemi til að koma í veg fyrir smithættu.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 172. gr. <sup>2)</sup> L. 29/2024, 2. gr.

### ■ 15. gr.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur reglur<sup>2)</sup> um sæðistöku og sæðingar, töku eggja og fósturvísa, meðferð þeirra og innlagn í dýr. Einnig um búnað, tilhögun og rekstur sæðingastöðvar og

heilbrigðiskröfur varðandi dýr sem tekið er úr sæði, egg eða fósturvísar til flutnings, svo og heilbrigðiskröfur um sæði, egg og fósturvísar sem ætlaðir eru til sæðinga eða eggjaflutninga. Þá setur [ráðherra]<sup>1)</sup> reglur um heilbrigðiskröfur sem gerðar eru varðandi þau dýr sem notuð eru sem fósturmæður.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 172. gr. <sup>2)</sup> Rg. 540/2016.

#### [V. kafli A. Aukaafurðir dýra.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 29/2024, 3. gr.

##### ■ [15. gr. a.]

□ Aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til manneldis skal meðhöndla, geyma, flytja, vinna eða eyða á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra efna. Þeir sem meðhöndla, geyma, flytja eða vinna aukaafurðir dýra skulu tilkynna starfsemi sína til Matvælastofnunar eða sækja um leyfi Matvælastofnunar áður en starfsemin hefst. Kveða skal á um skyldur aðila til að tilkynna starfsemi eða afla starfsleyfis í reglugerð sem ráðherra setur.

□ Vinnslu-, geymslu-, lífgas- og myltingarstöðvar, svo og stöðvar fyrir milliefni og líffituefni, sem ætlað er að vinna aukaafurðir úr dýrum, þ.m.t. stöðvar sem annast vinnslu úr sjávar- og eldisafurðum, skulu hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun áður en rekstur hefst.

□ Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til manneldis, svo sem meðferð slíkra aukaafurða, flokkun og starfsleyfi þeirra, sbr. 29. gr. a.)<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 29/2024, 3. gr.

##### ■ [15. gr. b.]

□ Fyrir eftirlit, umsýslu og skjalaskoðun Matvælastofnunar vegna aukaafurða dýra skal greiða gjald sem ekki er hærra en raunkostnaður til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits, umsýslu og skjalaskoðunar,

b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. kostnaði af aðstöðu, áhöldum, búnaði, þjálfun og ferðalögum, svo og tengdum kostnaði,

c. kostnaði vegna sýnatöku opinberra eftirlitsaðila og kostnaði sem opinberar rannsóknastofur innheimta vegna sýnatöku, greiningar, prófunar og sjúkdómsgreininga sem framkvæmdar eru á opinberum rannsóknastofum.

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um eftirlit, umsýslu og skjalaskoðun Matvælastofnunar vegna aukaafurða dýra og skal hann gefa út gjaldskrá fyrir eftirlit Matvælastofnunar að fengnum tillögum stofnunarinnar.

□ Við gerð reglugerðar og gjaldskrár opinberra eftirlitsaðila er heimilt að taka tillit til eftirfarandi atriða:

a. hvers konar fyrirtæki um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta,

b. hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu,

c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,

d. þarfa fyrirtækja með aðsetur á svæðum sem liða fyrir landfræðilegar takmarkanir.

□ Matvælastofnun skal afla umsagnar hlutaðeigandi hagsmunasamtaka og kynna þeim efni og forsendur reglugerðar og/eða gjaldskrár stofnunarinnar með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Hafi umsagnir þeirra ekki borist Matvælastofnun að mánuði liðnum er ráðherra þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 29/2024, 3. gr.

#### [V. kafli B. Þvingunarúrráði, refsíákvæði og viðurlög vegna aukaafurða dýra.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 29/2024, 3. gr.

##### ■ [15. gr. c.]

□ Matvælastofnun skal grípa til viðeigandi aðgerða ef opinbert eftirlit með aukaafurðum dýra leiðir í ljós að ein eða fleiri kröfur sem mælt er fyrir um í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 3. mgr. 15. gr. a, eru ekki uppfylltar.

□ Matvælastofnun er heimilt, með hliðsjón af alvarleika brota gegn ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur skv. 3. mgr. 15. gr. a, og hugsanlegri áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra, að stöðva starfsemi að hluta eða í heild. Sama gildir ef um er að ræða starfsemi sem er starfrækt án tilskilins leyfis.

□ Þá getur Matvælastofnun jafnframt, til að knýja á um aðgerðir vegna aukaafurða dýra samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða eigin fyrirmælum samkvæmt þessum ákvæðum, beitt eftirfarandi aðgerðum:

a. veitt áminningu,

b. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.

□ Stöðvun starfsemi skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekað brot sé að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf. Sé um slík brot að ræða getur Matvælastofnun afturkallað leyfi fyrirtækisins til reksturs skv. 15. gr. a.)<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 29/2024, 3. gr.

##### ■ [15. gr. d.]

□ Þegar stjórnandi sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur Matvælastofnun lagt á fyrirtæki dagsektir þar til úrbætur hafa verið framkvæmdar. Dagsektir renna í ríkissjóð og skal hámark þeirra ákveðið í reglugerð sem ráðherra setur. Jafnframt er Matvælastofnun heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af Matvælastofnun en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi fyrirtæki. Kostnað og dagsektir má innheimta með fjárnámi án dóms eða sáttar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 29/2024, 3. gr.

##### ■ [15. gr. e.]

□ Opinbert eftirlit skal fara fram án þess að tilkynnt sé um það fyrir fram nema rök séu fyrir hendi um mikilvægi slíkrar tilkynningar áður en eftirlit er framkvæmt. Matvælastofnun skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum þar sem aukaafurðir dýra eru meðhöndlaðar, geymdar, fluttar, unnar eða þeim fargað, og lög þessi hvað varðar aukaafurðir dýra og stjórnvaldsreglur ná yfir, og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf.

□ Stjórnendum er skylt að veita aðstoð við framkvæmd eftirlitsins og veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara er varðar aukaafurðir dýra. Skylt er að veita óhindraðan aðgang til eftirlits eða annarrar opinberrar starfsemi að þeim stöðum þar sem aukaafurðir dýra eru meðhöndlaðar að því marki sem nauðsynlegt er vegna framkvæmdar opinbers eftirlits eða annarrar opinberrar starfsemi og skal rekstraraðili veita Matvælastofnun aðgang að:

a. búnaði, tækjum sem nýtt eru til flutninga, athafnasvæðum sem og öðrum stöðum undir stjórn rekstraraðila og umhverfi þeirra,

- b. tölvuvæddum upplýsingastjórnunarkerfum rekstraraðila,
- c. vörum undir stjórn rekstraraðila,
- d. skjölum og öðrum upplýsingum sem máli skipta og
- e. upplýsingum um starfsemi rekstraraðila, þ.m.t. starfsemi sem fer fram með fjarsamskiptamiðlum, og staði sem eru undir stjórn hans.

□ Matvælastofnun getur ákveðið að fyrirtæki sem meðhöndlar aukaafurðir dýra skuli greiða allan kostnað vegna þvingunarúrræða sem framkvæmd eru samkvæmt lögum þessum og má innheimta slíkan kostnað með fjárnámi án dóms eða sáttar.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 29/2024, 3. gr.

#### ■ [15. gr. f.]

□ Telji Matvælastofnun svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfsemi eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 29/2024, 3. gr.

#### ■ [15. gr. g.]

□ Matvælastofnun getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem meðhöndla aukaafurðir dýra og brjóta gegn ákvæðum þessa kafla og reglugerðum og reglum sem settar eru á grundvelli laga þessara.

□ Við ákvörðun stjórnvaldssekta skal tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. eftirfarandi:

- a. alvarleika brots,
- b. hugsanlegra skaðlegra áhrifa brots á heilsu manna og dýra,
- c. hvað brotið hefur staðið yfir lengi,
- d. ávinnings fyrirtækis af brotinu,
- e. stærðar og veltu fyrirtækis,
- f. fyrri brota og hvort um ítrekuð brot er að ræða.

□ Stjórnvaldssektir sem lagðar eru á fyrirtæki sem meðhöndla aukaafurðir dýra geta numið frá 25 þús. kr. til 25 millj. kr. Við ákvörðun sektarfjárhæðar skal líta til þess hvort um sé að ræða brot af ásetningi eða gáleysi. Ákvörðun um stjórnvaldssekt samkvæmt þessari grein er aðfararhæf og skulu sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Gjaldldagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina var tekin. Sé stjórnvaldssekt ekki greidd innan 15 daga frá gjaldldaga skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar frá gjaldldaga. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu. Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 29/2024, 3. gr. Greinin tekur gildi 6. apríl 2026 skv. 11. gr. s.l.

#### ■ [15. gr. h.]

□ Brot gegn ákvæðum þessa kafla og stjórnvaldsreglum er varða aukaafurðir dýra varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 29/2024, 3. gr.

#### ■ [15. gr. i.]

□ Brot gegn ákvæðum þessa kafla sæta aðeins rannsókn sakamáls að undangenginni kærur Matvælastofnunar til lögreglu.

□ Varði meint brot á ákvæðum þessa kafla bæði stjórnvaldssekt og refsingu metur Matvælastofnun hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Matvælastofnun að vísa

þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Matvælastofnun á hvaða stigi málsins sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar hjá lögreglu. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Matvælastofnunar um að kæra mál til lögreglu.

□ Matvælastofnun er heimilt að láta lögreglu og ákærvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Matvælastofnun er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

□ Lögreglu og ákærvaldi er heimilt að láta Matvælastofnun í té upplýsingar og gögn sem aflað hefur verið og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Matvælastofnunar sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

□ Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Matvælastofnunar til meðferðar og ákvörðunar.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 29/2024, 3. gr.

### VI. kafli. Kostnaður og bætur.

#### ■ 16. gr.

□ Þóknun og ferðakostnaður vegna starfa dýralæknis eða annarra sem takast á hendur verkefni sem leiðir af framkvæmd þessara laga samkvæmt fyrirætlum [Matvælastofnunar]<sup>1)</sup> skal greiddur úr ríkissjóði.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 64. gr.

#### ■ 17. gr.

□ Ríkissjóður greiðir kostnað vegna einangrunar búfjár sem ákveðin er til varnar [alvarlegum tilkynningarskyldum sjúkdómum sem taldir eru upp í reglugerð ráðherra skv. 2. mgr. 7. gr.],<sup>1)</sup> svo og efniskostnað vegna nauðsynlegrar hreinsunar og sótthreinsunar, einnig kostnað vegna aflífunar, eyðingar hræja og notkunar tækja sem þarf til fyrrgreindra verka. Ríkissjóður greiðir kostnað vegna einangrunar og gæslu svæða, enda sé einangrunin fyrirskipuð af [ráðherra].<sup>2)</sup> Eigendum búfjár er skylt að leggja fram endurgjaldslaust alla ófaglega vinnu og aðstoð við hreinsun, sótthreinsun og aflifun dýra.

<sup>1)</sup> L. 4/2014, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 172. gr.

#### ■ 18. gr.

□ Kostnaður vegna einangrunar og rannsókna á öðrum sjúkdómum en [alvarlegum tilkynningarskyldum sjúkdómum sem taldir eru upp í reglugerð ráðherra skv. 2. mgr. 7. gr.]<sup>1)</sup> greiðist af eigendum dýranna að hluta eða öllu leyti samkvæmt ákvörðun [ráðherra].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 4/2014, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 172. gr.

#### ■ 19. gr.

□ Stofnkostnaður og viðhald aðalvarnarlína greiðist úr ríkissjóði. Ríkissjóður leggur til efni í aukavarnarlínu, en uppsetning, rekstur og viðhald þeirra greiðist af viðkomandi sveitarsjóðum. Rísi ágreiningur um skiptingu kostnaðar við aukavarnarlínu sker [ráðherra]<sup>1)</sup> úr þeim ágreiningi að fenginni umsögn [Matvælastofnunar].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 172. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 64. gr.

#### ■ 20. gr.

□ Eigendur búfjár, sem fargað er samkvæmt fyrirætlum [ráðherra]<sup>1)</sup> að tillögum [Matvælastofnunar],<sup>2)</sup> eiga rétt á bótum úr ríkissjóði.

□ Bætur ríkissjóðs svara til verðgildis afurða og rekstrartaps sem sannanlega leiðir af eyðingu dýranna. Heimilt er að víkja

frá ákvæðum þessarar málsgreinar um bætur þegar fyrirskipaður er niðurskurður á kynbótagripum.

□ Sé unnt að nýta afurðir dýra að hluta eða í heild skal verðmæti þeirra afurða koma til frádráttar heildarbótagreiðslum. Ekki koma bætur fyrir dýr sem eru óveruleg að verðmæti, nema því aðeins að til þess liggi gildar ástæður.

□ Bótaskylda ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum nær eingöngu til búfjár.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 172. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 64. gr.

## ■ 21. gr.

□ Réttur til bóta samkvæmt lögum þessum glatast að öllu leyti eða að hluta ef eigandi dýra hefur ekki farið eftir ákvæðum þessarar laga eða reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Sama gildir ef eigandi hefur orðið sér úti um dýr sem hann vissi eða mátti vita með tilliti til aðstæðna að haldið var sjúkdómi sem lög þessi taka til eða valdið því með ásetningi eða vanrækslu að dýr hans smitaðist.

□ Bætur greiðast ekki ef dýr, sem flutt hafa verið til landsins, hafa sýkst af sjúkdómi áður en sex mánuðir eru liðnir frá innflutningi þeirra.

## VII. kafli. Ýmis ákvæði.

### ■ 22. gr.

□ [Matvælastofnun],<sup>1)</sup> héraðsdýralæknum og fulltrúum þeirra skal hvenær sem er vera heimill aðgangur að húsnæði, búum og fyrirtækjum þar sem dýr, eða afurðir þeirra, eru geymd og skulu þeim veittar allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits og rannsókna sem óskað er eftir á grundvelli laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 64. gr.

### ■ 23. gr.

□ Skyld er að viðhalda varnarlinum svo lengi að fullvíst þyki að búfjárjúkdómar, sem valda stórfelldu tjóni, geti ekki leynst í búfé öðrum megin línunnar þannig að samgangur milli svæðanna auki á sýkingarhættu fyrir búfé að mati [Matvælastofnunar].<sup>1)</sup>

□ Því aðeins er [ráðherra]<sup>2)</sup> heimilt að leggja niður varnarlinur að fram hafi farið ítarlegt heilbrigðiseftirlit á búfé á þeim varnarsvæðum sem að línunni liggja og að fengnum meðmælum [Matvælastofnunar].<sup>1)</sup> Gefa skal aðliggjandi sveitarfélögum kost á að eignast girðingarnar endurgjaldslaust, enda taki þau ábyrgð á að girðing valdi ekki slysum eða tjóni.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 64. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 172. gr.

### ■ 24. gr.

□ [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> er heimilt að fyrirskipa á kostnað eigenda sérstakar merkingar á búfé þar sem slíkt er nauðsynlegt. [Þá getur [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> bannað hvers konar litamerkingar á búfé á ákvæðnum svæðum.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 64. gr. <sup>2)</sup> L. 76/2005, 10. gr.

### ■ 25. gr.

□ Óheimilt er að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlinur [nema þegar um er að ræða endurnýjun bústofns vegna niðurskurðar af völdum sjúkdóma og/eða vegna búháttabreytinga].<sup>1)</sup> Sleppi sauðfé yfir varnarlinur skal því slátrað. Merkja skal líffæri úr fénu og senda án tafar til rannsókna. Eigandi skal fá bætur samkvæmt ákvörðun [Matvælastofnunar]<sup>2)</sup> fyrir sauðfé sem slátrað er enda hafi líffæri verið send til rannsókna. Nautgripi og geitur má því aðeins flytja yfir varnarlinur til lífs að fram fari sérstök rannsókn á heilbrigði þeirra. [Matvælastofnun]<sup>2)</sup> getur leyft flutning á tilrauna- og kynbótagripum yfir varnarlinur.

□ [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt með reglugerð að skilgreina arfgerðir þeirra líflamba sem má ekki flytja yfir varnarlinur, þegar um er að ræða endurnýjun bústofns eftir niðurskurð vegna riðuveiki.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 76/2005, 11. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 64. gr. <sup>3)</sup> L. 143/2009, 34. gr.

### ■ 26. gr.

□ Hlíti eigandi eða umráðaaðili dýra ekki ákvörðun [ráðherra]<sup>1)</sup> samkvæmt lögum þessum er viðkomandi lögreglustjóra skylt að hlutast til um framkvæmd á fyrirmælum ráðherra. Óheimilt er að farga dýrum eða taka þau frá aðila eða neyta annarra þeirra úrræða sem lög þessi kveða á um og valdið geta eiganda þeirra umtalsverðum kostnaði nema [Matvælastofnun]<sup>2)</sup> hafi samþykkt slíkar aðgerðir. Gefa skal eiganda og umráðaaðila kost á að tjá sig um slíkar aðgerðir áður en til þeirra er gripið.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 172. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 64. gr.

### ■ 27. gr. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 31/2001, 9. gr.

### ■ 28. gr.

□ Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í dýrum á afmörkuðum svæðum er [ráðherra]<sup>1)</sup> heimilt, að fenginni tillögu [Matvælastofnunar],<sup>2)</sup> að skipa þriggja manna [smitsjúkdómanefnd]<sup>3)</sup> er verði [Matvælastofnun]<sup>2)</sup> til aðstoðar við framkvæmd hvers konar varnaðgerða og við útrýmingu sjúkdómsins. [Smitsjúkdómanefnd]<sup>3)</sup> hefur ásamt [Matvælastofnun]<sup>2)</sup> forgöngu um framkvæmd niðurskurðar, endurnýjun bústofns, hreinsun búfjár af svæðinu og nauðsynlega sótt-hreinsun.

□ . . .<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 172. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 64. gr. <sup>3)</sup> L. 31/2001, 10. gr.

### ■ 29. gr.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur með reglugerð<sup>2)</sup> nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

□ [Ráðherra skal setja sérstaka reglugerð um innflutning og útflutning sjávardýra.]<sup>1)</sup>

□ [[Ráðherra]<sup>1)</sup> skal setja sérstaka reglugerð<sup>3)</sup> um innflutning og útflutning eldisdýra og afurða þeirra til að hindra útbreiðslu smitsjúkdóma.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 172. gr. <sup>2)</sup> Rg. 200/1998, sbr. 30/2000, 221/2002, 1105/2005, 324/2009 og 866/2010. Rg. 557/1998. Augl. 635/2001. Rg. 651/2001, sbr. 726/2004, 807/2006, 938/2014, 639/2023 og 1152/2023. Rg. 665/2001, sbr. 831/2012. Rg. 527/2003. Rg. 449/2005, sbr. 712/2006. Rg. 740/2006. Rg. 550/2008, sbr. 602/2010, 669/2012, 686/2020, 1080/2022 og 640/2023. Rg. 1254/2008, sbr. 936/2014. Rg. 560/2010, sbr. 657/2010 og 1012/2018. Rg. 911/2011, sbr. 962/2012, 996/2013, 186/2015, 1079/2019 og 332/2021. Rg. 972/2011, sbr. 89/2012 og 183/2012. Rg. 1011/2011, sbr. 371/2012, 137/2021 og 1208/2021. Rg. 1012/2011. Rg. 1013/2011. Rg. 1014/2011, sbr. 214/2012. Rg. 1043/2011. Rg. 1044/2011. Rg. 1077/2011. Rg. 41/2012, sbr. 356/2012, 1124/2013, 161/2014, 963/2014, 987/2015, 32/2016, 316/2017, 467/2017, 173/2018, 358/2018, 897/2018, 1074/2018, 172/2019, 881/2020, 1148/2020, 454/2021, 1057/2021 og 931/2022. Rg. 211/2012. Rg. 212/2012, sbr. 370/2012 og 1332/2019. Rg. 217/2012. Rg. 254/2012. Rg. 303/2012. Rg. 346/2012. Rg. 369/2012. Rg. 522/2012. Rg. 570/2012, sbr. 760/2012. Rg. 763/2012. Rg. 848/2012, sbr. 1054/2012. Rg. 916/2012, sbr. 748/2016 og 1122/2023. Rg. 119/2013. Rg. 220/2013. Rg. 221/2013. Rg. 271/2013. Rg. 272/2013. Rg. 273/2013. Rg. 371/2013. Rg. 372/2013, sbr. 1330/2019. Rg. 390/2014, sbr. 1336/2019 og 13/2021. Rg. 560/2014, sbr. 840/2014, 480/2015, 707/2015, 811/2015, 1031/2015, 188/2016, 259/2016, 915/2016, 906/2017, 1076/2018, 277/2019, 1337/2019, 59/2020, 207/2020, 233/2020, 333/2020, 839/2020, 996/2020, 1344/2020, 12/2021, 152/2021, 231/2021, 406/2021, 475/2021 og 579/2021. Rg. 661/2014, sbr. 1331/2019. Rg. 886/2014, sbr. 145/2018. Rg. 907/2014, sbr. 958/2014, 569/2015, 186/2016, 231/2017, 86/2018, 820/2019, 1338/2019, 232/2020 og 11/2021. Rg. 910/2014. Rg. 1065/2014, sbr. 379/2022. Rg. 1066/2014, sbr. 836/2021. Rg. 1276/2014, sbr. 529/2015 og 358/2019. Rg. 1277/2014. Rg. 136/2015, sbr. 291/2017. Rg. 167/2015, sbr. 354/2015, 421/2015, 956/2015, 12/2016, 412/2016, 480/2016, 1047/2016, 330/2017, 464/2017, 470/2017, 743/2017, 357/2018, 173/2019, 513/2019, 788/2019, 1149/2020, 207/2021, 536/2021, 1287/2021, 1246/2023, 1503/2023 og 687/2024. Rg. 170/2015. Rg. 850/2015, sbr. 933/2016. Rg. 187/2016. Rg. 540/2016. Rg. 856/2016. Rg. 315/2017. Rg. 527/2017, sbr. 597/2018 og 927/2019. Rg. 977/2017. Rg. 300/2018, sbr. 1447/2021. Rg. 324/2018. Rg. 511/2018. Rg. 811/2018. Rg. 1000/2018, sbr. 228/2022. Rg. 359/2019. Rg. 520/2019. Rg. 891/2019. Rg. 1250/2019. Rg. 1251/2019. Rg. 284/

2020. Rg. 486/2020. Rg. 487/2020. sbr. 1039/2022. Rg. 488/2020. Rg. 490/2020. Rg. 501/2020. Rg. 502/2020. sbr. 8/2021. Rg. 503/2020. Rg. 504/2020. Rg. 505/2020. Rg. 506/2020. Rg. 507/2020. sbr. 733/2020. 1343/2020. 474/2021. 57/2022. 452/2022. 1037/2022. 146/2023. 131/2024. 153/2024 og 764/2024. Rg. 509/2020. sbr. 528/2021. Rg. 16/2021. Rg. 266/2021. sbr. 1361/2021. Rg. 458/2021. Rg. 462/2021. sbr. 634/2021. 1059/2021. 1369/2021. 717/2022. 1033/2022 og 283/2023. Rg. 463/2021. sbr. 1247/2023. Rg. 464/2021. sbr. 1248/2023 og 504/2024. Rg. 580/2021. sbr. 61/2022. 383/2022. 443/2022. 524/2022. 525/2022. 711/2022. 927/2022. 1031/2022. 1143/2022. 1236/2022. 1393/2022. 1547/2022. 261/2023. 1125/2023. 1201/2023. 1678/2023. 130/2024. 152/2024. 161/2024. 218/2024. 235/2024. 349/2024. 385/2024. 386/2024 og 672/2024. Rg. 581/2021. sbr. 453/2022. 715/2022. 1202/2023 og 162/2024. Rg. 637/2021. sbr. 1548/2022 og 1123/2023. Rg. 1376/2021. Rg. 1377/2021. sbr. 708/2022. 1041/2022 og 624/2024. Rg. 88/2022. sbr. 1359/2022. Rg. 450/2022. sbr. 712/2022. 929/2022. 1036/2022 og 125/2024. Rg. 234/2020. sbr. 489/2020 og 451/2022. Rg. 454/2022. sbr. 721/2022. 1032/2022. 1472/2022. 1124/2023. 1713/2023. 236/2024 og 671/2024. Rg. 930/2022. Rg. 1034/2022. Rg. 1137/2022. Rg. 1607/2022. sbr. 1166/2023. Rg. 846/2023. Rg. 1513/2023. Rg. 124/2024. <sup>3)</sup> Rg. 985/2005. <sup>4)</sup> L. 116/2003. 11. gr.

#### ■ [29. gr. a.

□ [Heimilt er ráðherra að innleiða með reglugerð<sup>1)</sup> reglugerðir Evrópusambandsins um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.]<sup>2)</sup><sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 120/2010. Rg. 121/2010. Rg. 122/2010. Rg. 123/2010. Rg. 124/2010. Rg. 125/2010. Rg. 126/2010. Rg. 127/2010. Rg. 489/2010. sbr. 478/2017 og 1334/2019. Rg. 564/2010. Rg. 565/2010. Rg. 606/2010. Rg. 169/2011. Rg. 261/2011. Rg. 820/2010. Rg. 674/2017. sbr. 1046/2017. 328/2018. 362/2018. 992/2019. 1339/2019. 161/2020. 879/2020. 205/2021. 530/2021. 1165/2021. 441/2022. 934/2022. 538/2023. 1506/2023 og 683/2024. Rg. 1069/2021. Rg. 1238/2023. <sup>2)</sup> L. 71/2015. 2. gr. <sup>3)</sup> L. 143/2009. 35. gr.

#### ■ [29. gr. b.

□ Ráðherra er heimilt að vísa til erlendrar frumútgáfu reglu-

gerða við innleiðingu reglugerða Evrópusambandsins sem teknar eru upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með einfaldaðri málsmeðferð. Birta skal erlendu frumútgáfa í C-deild Stjórnartíðinda.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 93/2019. 4. gr.

### VIII. kafli. Refsiákvæði og gildistaka.

#### ■ 30. gr.

□ Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim varða sektum [eða fangelsi allt að 2 árum].<sup>1)</sup>

□ . . . <sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 82/1998. 206. gr. <sup>2)</sup> L. 88/2008. 233. gr.

#### ■ 31. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. . .

#### ■ Ákvæði til bráðabirgða.

□ Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett samkvæmt lögum nr. 11/1928, með síðari breytingum, lögum nr. 23/1956, með síðari breytingum, og lögum nr. 22/1977, um sauðfjárbáðanir, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hafa öðlast gildi.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Eldri stjórnvaldsfyrirmæli sem hér er vísað til munu vera: Rg. 76/1952. Rg. 135/1952. Augl. A 97/1955. Rg. 14/1957. Augl. 10/1964. Rg. 27/1970. Rg. 444/1982. sbr. 340/1986. Augl. 155/1987.

### [Viðaukar 1A, 1B og 2. . . ]<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 4/2014. 6. gr. <sup>2)</sup> L. 31/2001. 11. gr.